

AUGLÝSING

128

24. ágúst

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingar-samvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaптúnum, hefur ráðuneytið staðfest þessar samþykktir fyrir byggingarsamvinnufélög:

61. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag tollvarða á Keflavíkurflugvelli. Varnarþing Keflavíkurflugvöllur. Staðfest 16. maí 1955.
62. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Keflavíkur. Varnarþing Keflavíkurkaupstaður. Staðfest 23. maí 1955.
63. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Framtak. Varnarþing Reykjavík. Staðfest 21. september 1955.
64. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag sjómanna, Ísafirði. Varnarþing Ísafjörður. Staðfest 17. ágúst 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 24. ágúst 1956.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

SAMÞYKKT

129

12. sept.

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 66
29. marz 1950, sbr. og samþykkt nr. 9 22. jan. 1954, um breytingu á
þeirri samþykkt.

1. gr.

Aftan við 2. gr. samþykktarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýsluvegur nær aldrei nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarðar eða býlis.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102, 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1956.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.

36